Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

28. tbl. Þriðjudagur 28. ágúst 1979 8. árgangur verð kr. 150.

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Verkfall grafíska sveinafélagsins

Grafíska Sveinafélagið stefnir að verkfalli frá og með byrjun september.

Grafíska Sveinafélagið hefur líkt og önnur almenn verkalýðsfélög haft lausa samninga í tæpt ár eða frá 1. desember sl.

Forysta ASÍ framlengdi þá upp á sitt eindæmi samningana til 1. des n.k gegn sk. félagslegum umbótum ríkisstjórnarinnar, sem hafa reynst orðin tóm.

Að sögn manns í Grafíska Sveinafélaginu eru líkur til að verkfallið verði langt og strangt. Útgefendur dagblaða og bókaútgefendur muni líklega dansa eftir pípu Þorsteins Pálssonar og annarra forstöðumanna atvinnurekenda sem hafa tekið upp óvenju ósvífna stefnu.

Verkfall félagsins mun stöðva alla bóka og dagblaðaútgáfu og verður einmitt nú, þegar undirbúningur jólabókanna er að hefjast.

Hvað gerir forysta ASÍ?

Það sem af er þessu ári hefur forysta ASÍ beitt afli sínu til að koma í veg fyrir árangur af baráttu ýmissa stéttarfélaga fyrir bættari kjörum.

Forystan hefur í raun og veru sett sig á móti öllum kauphækkunum launþegafélaganna.

Það er því eðlilegt að þess sé spurt hver verði viðbrögð ASÍ forystunnar.

Ef að líkum lætur mun hún enn sem fyrr skipa sér í sveit með Þorsteini Pálssyni og kumpánum hans.

Þennan möguleika verður Grafíska Sveinafélagið að skoða.

Styðjum verkfallið.

Þetta verkfall er fyllilega réttmætt. Samningar hafa verið lausir í 9 mánuði. Rökstuðningurinn fyrir framlengingu samninganna var að ríkisstjórnin vildi frið til að kveða niður verðbólguna. Bak við þennan rökstuðning grillir í þá fölsku kenningu að verkalýðurinn sé verðbólguvaldurinn.

Þróun mála síðustu mánuða hefur afsannað þessa kenningu endanlega.

Þær litlu kauphækkanir sem orðið hafa á tímabilinu eru allar afleiðingar vöruhækkanna þannig að laun hafa alls ekki átt þátt í að valda verðbólgunni.

Samt sem áður æðir verðbólgan áfram og líkur benda til að hún verði meiri en nokkru sinni.

Það er því tími til kominn að launþegar rísi til verndar hagsmunum sínum.

Grafíska Sveinafélagið ríður á vaðið að þessu sinni og árangur þess er mikið kominn undir stuðningi annarra launþega við verfallið.

Þetta er ekki einkabarátta Grafíska Sveinafélagsins. Þetta er barátta sem ætti að vera öðrum launþegum fordæmi. Þetta er barátta gegn verkalýðsfjandsamlegri stefnu ríkisstjórnarinnar og hinnar svk. verkalýðsforystu og atvinnurekenda.

Bréf til EIK(m-l)

Þetta bréf er svar frá Framkvæmdanefnd Kommúnistaflokksins við tillögum Eik(m-l) um framhald könnunarviðræðnanna sem stóðu yfir í vor.

Í þessu bréfi ítrekar KFÍ/ML afstöðu sína til ýmissa mála sem upp komu í viðræðunum.

Einnig er þarna svarað tillögum Eik(m-l) um stofnun sérstakra viðræðunefnda sem geri upp ágreiningsefni flokksins og Eik(m-l).

TIL FÉLAGA EIK(M-L)

Félagar:

Við höfum móttekið bréf ykkar frá 7. 6. 1979 og rætt innihald þess. Þótt bréf ykkar sé í 7 liðum, fjallar það allt um eitt og sama málið, nefnilega ágreining okkar um forsögu KFÍ/ML og kröfu okkar um að Eik(m-l) viðurkenni að flokkurinn sé marx-lenínísk samtök og setji sér þá stefnu, að vinna að sameiningu beggja samtakanna. Of langt mál yrði að elta ólar við sérhvert atriði, sem tekið er til í bréfi þessu og raunar vandséð að það myndi ryðja hindrunum úr vegi sameiningarinnar. Þó



21. ágúst:

INNRÁS MÓT MÆLT

SJÁ BAKSÍÐU

Frá mótmælaaðgerðum herstöðvaandstæðinga 21. ágúst s.l. fyrir utan sovéska sendiráðið.

PLO í sókn

Frelsissamtök Palestínumanna (PLO) hafa nú að undanförnu unnið hvern sigurinn á fætur öðrum á sviði alþjóða stjórnmála og viðurkenninga. Það líður varla sá dagur að ekki heyrist í fréttum sagt frá nýjum viðurkenningum eða yfirlýsingum þekktra stjórnmálamanna þar sem réttindi Palestínumanna til sjálfsákvörðunar og heimalands er viðurkenndur og PLO lýst eini löglegi fulltrúi þeirra. Mesta athygli þessara frétta hafa vakið yfirlýsingar Andrew Young sendiherra USA hjá Sameinuðu þjóðunum og viðræður tveggja helstu leiðtoga Alþjóðasambands sósíaldemókrata við Yasser Arafat í Vínarborg 6. - 8. júlí.

Bruno Kreisky kanslari Austurríkis bauð Yasser Arafat til viðræðna við sig og Willy Brandt til þess að fræðast af honum um palestínuvandamálið og ræða stöðu mála í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafsins. Kreisky er varaformaður Alþjóðasambands sósíaldemókrata og einnig formaður nefndar sem sambandið skipaði til þess að komast að hinu sanna í deilum Palestínumanna og Ísraelsríkis. Willy Brandt er formaður Alþjóðasambands sósíaldemókrata. Kreisky hefur áður ásamt fleiri nefndarmönnum farið til Ísrael og margra arabaríkja til að kynna sér deilur araba og Ísraels. Arafat var fagnað sem þjóðhöfðingja er hann kom á flugvöllinn í Vín og meðan á heimsókninni stóð hélt Kreisky kvöldverðarboð honum til heiðurs. Þar mættu meðal annara þeir Willy Brandt og Olof Palme auk fjölda sendiherra. Í lok viðræðnanna var haldinn blaðamannafundur og gefin út sameiginleg yfirlýsing. Þar kom fram að viðræðurnar hefðu verið gagnlegar og mikilvægar og þeir Brandt og Kreisky lýstu vonum sínum um að geta hitt Arafat aftur síðar og treyst samband sitt við PLO. Báðir lýstu þeir viðurkenningu sinni á rétti Palestínumanna til að stofna eigið ríki og að PLO væri eini löglegi fulltrúi þeirra.

frh. á síðu 3.



Frá Vínarfundinum: Á myndinni má meðal annarra sjá Arafat leiðtoga PLO Kreisky kanslara Austurríkis og Willy Brandt leiðtoga vestur-þýskra jafnaðarmanna.

LEIÐARI

Alþýðubandalagið, Þjóðviljinn og ríkisstjórnin

Það er dálítið erfitt að henda reiður á afstöðu Alþýðubandalagsins til sumra mála þessa dagana og hefur raunar verið allt frá því núverandi ríkisstjórn var mynduð. Alþýðubandalagið virðist nefnilega hafa skipst í nokkra parta sem ómögulega geta komið sér saman. Að minnsta kosti ekki í veigamiklum málum.

Nýjasta dæmið um þetta er vaxtahækkun bankastjóranna, sem eru nú orðnir meiri vaxtaokrarar en dæmi þekkjast til. Ráðherrapartur Alþýðubandalagsins stóð að því í ríkisstjórninni að veita bankastjórunum þessa heimild. En Þjóðviljapartur Alþýðubandalagsins gagnrýnir þessa hækkun.

Stéttabaráttan getur að vísu tekið undir með Þjóðviljapartinum að þessi hækkun er gagnrýnisverð. En Stéttabaráttan getur ekki tekið undir með Þjóðviljaparti Alþýðubandalagsins að bankastjórarnir einir beri ábyrgð á hækkuninni. Ríkisstjórnin og þar með talinn ráðherrapartur Alþýðubandalagsins bauð bankastjórunum til þessarar veislu. Það sem Þjóðviljaparturinn vill er að banna veislugestunum að bragða á réttunum.

Ráðherraparturinn er greinilega miklu gestrisnari en Þjóðviljaparturinn.
Honum er til dæmis hjartanlega sama þótt ameríski herinn gisti hérna, sem Þjóðviljaparturinn vel að merkja virðist enn þá vera á móti.

Á sama hátt er ráðherraparti Alþýðubandalagsins alveg sama þótt hér séu þrjú olíufélög, milli tíu og tuttugu tryggingarfélög og nokkur hundruð heildsalar. Þetta eru allt boðsgestir ráðherrapartsins.

Og það eru ekki slorlegar veitingar sem gestirnir fá. Þeir fá orðalaust umbeðnar hækkanir á vöru og þjónustu, þök á vísitölu, bráðabirgðalög gegn verkföllum og lög um stöðvun kauphækkana.

Þetta eru bestu atvinnurekendamáltíðir í heimi sem ráðherraparturinn trakterar gesti sína á. Enda eru gestirnir feitir og pattaralegir og kunna varla lengur að barma sér sem þeir hafa þó verið leiknir í fram að þessu.

Einn gestur er þó sem ekki fær sæti við veisluborðið. Það er launþeginn.
Hann verður að láta sér nægja smánarlega prósentuhækkun sem fer ekki nálægt því að vega upp á móti vöruverðshækkunum Í viðbit fær hann svo bráðabirgðalög sem frysta kaupið og banna verkföll og félagsmálapakka sem í er nákvæmlega ekkert

Og hverjir matreiða þennan kost?
Ásamt atvinnurekendum eru það ráðherrarnir og útvaldir verkalýðsforingjar. Það er þetta sem kallað var "samráð við aðila vinnumarkaðarins".

Fréttaflutningur ríkisútvarpsins

Nýlega var gerð herforingjabylting í Miðbaugs-Gíneu. Það teljast varla markverð tíðindi þótt herforingjar geri hallarbyltingar í ríkjum þriðja heimsins. Fréttir ríkisútvarpsins af þessum aðburði verða þó að teljast til tíðinda.
Þannig var fyrst frá því sagt að herforingjabyltingin hefði verið gerð gegn forseta ríkisins sem talinn var illræmdur harðstjóri, jafnvel verri en Idi Amin
Þar var einnig sagt að forsetinn hefði fallið. Daginn eftir kom síðan í ljós að hann varðist enn þá auk þess sem það upplýstist að ríkisstjórn Spánar hafi vitað af undirbúningi byltingarinnar. Ríkið er fyrrverandi nýlenda Spánar og komst hinn illa þokkaði forseti til valda er spánverjar yfirgáfu landið.

Svona atriði má ef til vill skrifa á reikning erlendra fréttastofa og segja sem svo að fréttastofa útvarpsins hafi þeirra vegna ónógar upplýsingar.
Ef þetta væru einu tíðindin af þessum fréttaflutningi þá væri útvarpið með hreinan skjöld en því er ekki að heilsa.
Hér skal ekki lagður dómur á það hve ógnarlegur harðstjóri forsetinn fyrrverandi er, til þess skortir okkur upplýsingar. Frásagnir útvarps eru með ólíkindum. Forsetinn á að hafa drepið eða hrakið úr landi 250.000 manns. Í sjálfu sér er þetta ekkert óskapleg tala nema þegar þess er gætt að íbúar landsins voru aðeins 324.000 fyrir þremur til fjórum árum. Það eru því aðeins rúmlega 70.000 íbúar eftir.
Það sér hvert barn að hér er um rangar tölur að ræða.

Bréf til EIK(m-l)

eru nokkur atriði, sem við viljum leggja áherslu á og reyna að skýra frekar.
1) Í síðasta bréfi sínu bauðst KFÍ/ML til að ræða eitt af þrem ur ágreiningsefnum sem könnunarviðræðurnar höfðu ekki fyllilega markað, nefnilega álit flokksins á verkefnum flokksins og flokksbyggingarinnar. Þar sem þetta er hvergi nefnt í bréfi ykkar, ítrekum við þetta tilboð enn.
2) Við teljum að könnunarviðræðurnar hafi leitt í ljós, að meira þurfi að vinna með spurninguna um stéttgreininguna en þrír fundir fjögurra manna geta framkvæmt. Álit okkar er að gera þurfi rannsóknir í þessu efni og að öllum félögum beggja aðila verði gert kleyft að ræða þessi mál og vinna að rannsókn þess. Þess vegna höfnuðum við tillögum ykkar um framhaldsumræður um þetta mál á lokuðum fundi fárra manna.
3) Þriðja atriðið er greinilega það sem máli skiptir að ykkar mati og þar sem þið getið ekki fellt ykkur við afstöðu okkar. Með hliðsjón af bréfi ykkar, teljum við að full þörf sé á frekari útskýringum á afstöðu okkar ef það mætti verða til þess að efla baráttuna fyrir sameiningu.
Kommúnistaflokkurinn hefur frá stofnun sinni haft skýra afstöðu til þess hvort Eik(m-l) séu marx-lenínísk samtök eða ekki. Einnig hefur afstaða hans til baráttumála á öllum sviðum verið ljós og óbreytt. Breyting á afstöðu okkar hefur verið gerð í spurningunni um mat á því hvort KSML hafi staðið á grundvelli marxismans-lenínismans eða ekki. Eins og fram hefur komið teljum við nú, að gagnrýni Eik(m-l) á afstöðu flokksins til þessa máls hafi verið rétt og í samræmi við þær niðurstöður sem fráfarandi miðstjórn KSML setti fram á II þingi samtakanna í apríl 1976. Af þessum sökum höfum við rætt og endurmetið afstöðu okkar og skilgreint stöðu KSML og KFÍ/ML frá upphafi. Niðurstaðan er ykkur kunn. Að okkar mati voru KSML við stofnun ekki marxísk-lenínísk samtök, en fyrir baráttu marxista-lenínísta innan þeirra voru yfirtök endurskoðunarstefnu yfirunnin í árslok 1974 og síðan höfðu marx-lenínistar öll ráð í stefnu og starfi samtakanna. Með tilliti til þess að stofnun KSML markaði upphafið að tilurð fyrstu marxísku-lenínísku samtakanna á Íslandi síðan KFÍ var allur, hlýtur stofnun þeirra að teljast framfarasinnuð, þrátt yrir ranga afstöðu og stefnu í byrjun. Enda börðust marxistar lenínistar innan samtaknnna allan tímann gegn henni og úthýstu henni að lokum.
Eik(m-l) hafa óljósa afstöðu til þess hvort KFÍ/ML er marxískur-lenínískur eða ekki. Þau hafa stundum talið flokkinn endurskoðunarsinnaðan, stundum haft afstöðu sem er svo loðin að hún er hvorki fugl né fiskur. Eik(m-l) hafa haft óljósa og ranga afstöðu til flestra baráttumála og eru nú að gera upp við vinstri-hentistefnu, kreddufestu og einangrunarstefnu innan sinna raða. En Eik(m-l) hafa ekki enn rætt nægilega, skilgreint eða breytt afstöðu sinni til ofangreindra mála. Í bréfi ykkar "Álit Eik(m-l) á viðræðunum við KFÍ/ML" frá 15. maí segir orðrétt: "Eik(m-l) standa nú í verulegri leiðréttingu á villum "vinstri"einangrunarstefnu og kreddufestu og munu þau gera niðurstöður opinberar í sumar.

Þar tengist inn í meðferð Eik(m-l) á ágreiningsefnum við KFÍ/ML."
Samkvæmt þessu er von á breyttir afstöðu Eik(m-l) til ágreiningsins við KFÍ/ML. Enn hafa engar niðurstöður komið fram, svo okkur er ókleyft að meta hver afstaða Eik(m-l) er í þessu máli. Í bréfi ykkar 7. 6. segir einnig: "Afstaða okkar til KFÍ/ML er enn þessi: KFÍ/ML eru samtök sem ekki hafa að fullu leiðrétt ranga hentistefnu og sumpart endurskoðunarsinnaða afstöðu. Marx-lenínisminn kenningar Mao Zedongs hafa unnið jafnt og þétt á og við teljum að KFÍ/ML hafi til að bera eigindir til að standa að öllu leyti á grunni hans. KFÍ/ML er ekki kommúnistaflokkur." Þessi skilgreining stangast á við fyrri yfirlýsingar Eik(m-l) og er nýtilkomin í okkar augum. En Eik(m-l) lýsir því jafnframt yfir að von sé á að þessari afstöðu verði breytt. Í framhaldi af þessum orðum segir svo:"Það er undir KFÍ/ML komið hvort hann vill



vinna að því að Eik(m-l) breyti þessari greiningu. Til þess er fullur vilji og raunar mjög mikil eining og samstaða með samtökunum."
Af framansögðu er það ljóst, að Eik(m-l) telja sig þurfa að breyta afstöðu senni til KFÍ/ML og ber að fagna því. En jafnframt lýsið þið því yfir, að KFÍ/ML verði að "vinna að því að Eik(m-l) breyti þessari skilgreiningu" - og það þrátt fyrir að fullur vilji sé til þess innan samtaka ykkar. Við álítum það alls ekki hlutverk okkar að breyta afstöðu Eik(m-l) og teljum að slík breyting eigi að vera niðurstaða víðtækra og lýðræðislega umræðna innan samtaka ykkar, en ekki verk utanaðkomandi samtaka. Sem sjálfstæð samtök hljóta Eik(m-l) að kjósa að móta eða breyta stefnu sinni í samræmi við vilja félaga sinna, en ekki fyrir tilstilli annara sjálfstæðra samtaka. Og ef það er rétt sem segir í bréfi ykkar, að fullur vilji sé til þessarar breytingar, fáum við ekki skilið, hvað hindrar ykkur í því að gera hana. Við gagnrýnum ykkur fyrir þær sífelldu stefnubreytingar og afstöðuleysi sem einkenna málflutning ykkar í flestum málum og hvetjum ykkur til að taka afstöðu af eigin rammleik. Við getum ekki veitt ykkur neina aðstoð í þessu máli aðra en þá, sem fram hefur verið sett af okkar hálfu í bréfaskiptum okkar og birt hafa verið í Stéttabaráttunni. Við teljum að réttara sé að þið ræðið þá gagnrýni sem við höfum sett fram á starf ykkar og stefnu, en að fámennar umræðunefndir verði látnar móta breytta afstöðu samtaka ykkar.
Það sem að ofan er sagt um stefnubreytingar og afstöðuleysi ykkar, kemur berlegast í ljós í afstöðu ykkar til eðlis könnunarviðræðnanna og því að þið hlaupist undan yfirlýstum loforðum og reynið að skýla ykkur bak við orðhengilshátt. Það var ákveðið á fyrsta fundi afstaðinna könnunarviðræðna að beiðni KFÍ/ML, að umræðurnar yrðu einvörðungu til að kanna eða

marka einingu og óeiningu samtakanna. (sbr. svar KFÍ/ML við tilboði Eik(m-l) um könnunarviðræðurnar.) Frá okkar hálfu var það allan tímann ljóst, að verkefni viðræðunefndarinnar væri ekki að leysa áreiningsefnin, heldur að afmarka þau og setja fram til umræðna innan beggja samtakanna. Og þið samþykktuð þessa beiðni okkar. Það er því haldlítið að hlaupast undan þeirri ábyrgð, sem þið hafið sjálf kallað að höfði ykkar. Af þessum sökum ítrekum við enn þá kröfu okkar, að Eik(m-l) standi við gefin orð og endurmeti afstöðu sína til KFÍ/ML. Að okkar mati er það eðlilegt að slíkt sé gert að loknum umræðum og jafnvel á þingi, en að sjálfsögðu getum við ekki krafist þess að þið fylgið slíkum starfsháttum þótt okkur sýnist þeir vera þeir einu sem samboðnir eru lýðræðislegu miðstjórnarvaldi. Og í ljósi þeirra orða ykkar, að slíkar umræður eigi sér einmitt stað innan samtaka ykkar og að uppgjör við ranga afstöðu sé í vændum í sumar, getum við ekki betur séð en farsælast sé að þið ljúkið umræðum ykkar og dragið niðurstöðurnar af þeim. Að því búnu ætti stefna Eik(m-l) að vera skýrari og afstaða að hafa komið fram til þeirra mála sem eru á umræðustigi í dag. Það er ekki vegna þess að við óskum eftir því að viðræður samtakanna verði stöðvaðar, sem við leggjum til að þing verði haldin og Eik(m-l) lýsi því yfir að KFÍ/ML sé marxísk-lenínísk samtök, heldur vegna þess að við getum ekki fest hendur á neinni afstöðu í málflutningi ykkar og erum þar af leiðandi ófær um að meta hver afstaða ykkar raunverulega er. Meðan slíkt ástand varir getum við ekki séð að umræður leiði til árangurs. Frá okkar bæjardyrum séð standa málin svo, að við höfum fastmótaða afstöðu til sameiningarmálanna, en breyting er í vændum á afstöðu ykkar. Þegar sú breyting hefur verið gerð, teljum við að kanna beri aftur málin með frekari viðræður í huga og sameiningu, ef Eik(m-l) uppfylla skilyrði þau sem við höfum sett. Við berum fulla virðingu fyrir tillögum ykkar og afstöðu til framkvæmda sameiningarviðræðnanna, og við ætlumst til þess að þið hafið samskonar afstöðu til þeirra tillagna sem við höfum sett fram. Við stöndum frammi fyrir því að hvorugur aðili telur sig geta fallið frá tillögum sínum að óbreyttu máli eða fallist á tillögur hins. En samkvæmt yfirlýsingum ykkar mun þetta ástand ekki haldast lengi, því von er á breyttri afstöðu ykkar eftir að uppgjörið við vinstri-einangrunarstefnuna og kreddufestuna hefur farið fram. Af þeim sökum álítum við rétt að bíða þessarar breytingar og aðgæta þá, hvort grundvöllur sé fyrir frekari viðræðum um skipulagningu og gang sameiningarviðræðna og sameiningar samtakanna. Til þess að af sameiningu geti orðið þarf afstaða Eik(m-l) að breytast og þið segið að fullur vilji sé fyrir breytingu í þá átt sem þið teljið vera "æskilegustu og bestu niðurstöðuna". Því eru félagar KFÍ/ML bjartsýnir á að viðræðurnar um sameiningu samtakanna muni taka stökk fram á við, þegar Eik(m-l) hafa leyst innri vandamál sín og leitt baráttuna gegn vinstri-villunum til lykta.
Til baráttu fyrir sameiningu íslenskra marxista-leninista.
Gjört í Reykjavík 19.6.1979.

Khomeni leggur til atlögu við þjóðina

Eftir fall íranskeisara hafa nýjar andstæður skapast í Íran og átök magnast milli andstæðinga hans innbyrðis. Stefna stjórnar trúarleiðtogans Ayatollah Khomenis mætir sí vaxandi gagnrýni innanlands sem utan.

Fólksfjöldinn í Íran fylgist vandlega með stjórn þeirra Khomenis og Basargans. Enn hefur ríkisstjórnin ekki uppfyllt, svo neinu nemi, neitt af loforðum sínum né að hún stefni að þeim markmiðum sem fólkið barðist fyrir af mikilli fórnfýsi

Khomeni keisari

Fyrir febrúarbyltinguna var ljóst að hugmyndafræðilegur ágreiningur milli vinstrimanna og múhameðstrúarmanna myndi leiða til uppgjörs. Byltingin leiddi af sér bráðabirgðastjórn þjóðlegu borgarastéttarinnar (Basargan og Þjóðarfylkingin), bandaríkjaleppa (Baktiar og herinn) og smáborgarastéttarinnar Khomeni og byltingardómstólar hans). Baktiar hrökklaðist frá völdum og áhrif Khomenis urðu afgerandi. M.a. er hann orðinn æðsti yfirmaður hersins sem hann beitir nú án miskunnar gegn hverjum andstæðingi sínum til að þvinga fram vilja sinn og hinnar afturhaldssömu islömsku trúar og Kóranins.

Kvenhatur Khomenis

Framsækin ýmynd Khomenis breyttist þegar í andstöðu sína strax eftir byltingu. Sérstaklega bar á afturhaldsömum skoðunum hans gagnvart konum og baráttu þeirra fyrir jafnrétti kynjanna. Khomeni boðaði 1. mars að konur skyldu klæðast að islömskum hætti, kynin skyldu aðskiljast í menntastofnunum o.s.frv. Þetta varð til þess að um 100.000 konur ásamt fjölda karla fóru í mótmælagöngu í Teheran 8. mars, berhöfðaðar í snjóstormi og í trássi við yfirvöld. Mótmælin þennan alþjóðlega baráttudag verkakvenna voru skipulögð af nýstofnaðri Baráttuhreyfingu kvenna í Íran og marxistum-lenínistum. Þá höfðu ekki farið fram aðgerðir þennan dag í landinu í 30 ár. Mótmæli kvenna í Teheran breiddust út til tuga þúsunda kvenna í borgunum Rasht, Abadan, Sanandaj, Tabris o.fl. þar sem farnar voru kröfugöngur 10. mars. Og þá hljómaði "Niður með Khomeni" og "Niður með einræðið".

Þjóðernismismunun

Í Íran búa mismunandi kynþættir og þjóðir, sem tala sitt hvert tungumálið og hafa hver sína menningu. Kúgaðir þjóðernisminnihlutar hafa löngum barist gegn harðræði keisaraveldisins og þeir áttu drjúgan þátt í að steypa keisaranum af stóli. Yfirvöld í landinu hafa alið á sundrungu og ríg á milli hinna einstöku hópa en það hefur aftur auðveldað þeim yfirstjórnina. Af þessari þjóðernisstefnu keisarans nýtur Khomeni góðs í dag.

Aðal tungumálin sem töluð eru í Íran eru farzi, azari, kurdiska, balouchi, iori og arabíska. Farsi-mælandi fólk (Persar) er fjölmennast. Það lifir í suður, norðaustur og miðju Íran og telur um 55% þjóðarinnar. Næstir eru Azarbaijanir þeir telja um 20% og lifa í norðvestrinu. Kurdar og Lorar í vestur Íran telja 10% og Balouchar í suðaustrinu 10%



Myndin sýnir kröfugöngu 100.000 karla og kvenna í Teheran, 8. mars s.l. alþjóðlegs baráttudags verkakvenna.

Armenarnir, Tyrkir og arabar telja 5% og lifa í norðvestur, norðaustur og suðvestur af Íran

Upphaflegu ábúendur í Íran eru Persar og þeir hafa ávallt verið í meirihluta. Keisararíkið hefur því ætíð talið það sér stjórnmálalega sterkast að höfða til þeirra sér til stuðnings og gegn öðrum þjóðarflokkum. Þannig hafa þjóðernisminnihlutar verið kúgaðir og arðrændir um aldir. Reynt hefur verið að uppræta þá með því að banna tungumál þeirra og menningu en þeir hafa staðist slíkar árásir og jafnan barist fyrir sjálfstjórn og frelsi. Margir úr hópi þessara minnihluta hafa verið teknir af lífi fyrir skoðanir sínar þ.á m. Kúrdar sem stillt var upp fyrir aftökusveit keisarans fyrrverandi í kúrdistan. Nú hafa Kúrdar orðið að taka upp vopn gegn yfirgangssemi Khomenis, rétt eins og keisarans.

Byltingin heldur áfram

Sú bylting sem gerð var í febrúar er langt frá því að vera fullkomin. Hún var ekki bylting verkalýðsins þó hann tæki fullan þátt í henni. Réttindi fjöldans eru enn fótum troðin og því heldur baráttan áfram. Stjórn trúarleiðtogans hefur skert gróflega almenn mannrétt indi svo sem ritfrelsi, málfrelsi og skoðanafrelsi. Hún hefur farið með stríði á hendur fyrrverandi samherjum sínum, Kúrdum. Hún hefur ekki, eins og stefnt var að, þjóðnýtt fyrirtæki sem skyldi, né afhent smábændum land stórbændanna sem þeir vinna hjá. Svik núverandi ráðamanna við stefnu byltingarinnar eru augljós. En byltingunni er heldur ekki lokið, hún er aðeins nýhafin.

Ríkisstjórnin á mjög erfitt með að leita ásjár erlendra aðila og fá þá efnahagslegu, pólitísku og hernaðarlegu aðstoð sem hún þarf á að halda til að viðhalda því fasíska stjórnskipulagi sem hún hefur komið á. Til þess er andstaða fjöldans við erlenda íhlutun of sterk og hann myndi varla þola henni slíkt.

Það er líklegt að stórtíðinda sé að vænta frá Íran á næstunni. Þó er erfitt að meta áreiðanleika þeirra frétta sem þaðan berast vegna ritskoðunar stjórnarinnar og að hún hefur rekið sér óþægilega fréttamenn úr landi.

(Byggt á Information Iran útgefið af Stuðningshreyfingu íranskrar alþýðu í Kanada og Revolution málgagni Byltingarsinnaða Kommúnistaflokksins í USA)

1 ár frá fjöldamorðunum.

19. ágúst s.l. var eitt ár liðið frá hinni grimmdarlegu fjöldabrennu í Rex kvikmyndahúsinu í olíuborginni Abadan. Þá lét leynilögregla keisarans SAVAK um 750 manns brenna til bana og fleiri voru drepnir með skothríð og barsmíð.

Fjöldamorð þessi leiddu til gífurlegra mótmæla í landinu, verkföll blossuðu upp og farnar voru miljóna manna mótmælagöngur. Barist var á götum úti og víða brytjaði keisaraherinn niður mannfjöldann með vélbyssuskothríð svo þúsundum skipti. Ísraelskir hermenn tóku þátt í þessum fjöldamannvígum keisarahersins. 19. ágúst er minnst í Íran undir nafninu Blóðugi laugardagurinn.

8. sept. varð mikil mótmælaog baráttualda í Íran. Þá í höfuðborginni Teheran einni á sk. Píslarvottatorgi (sem áður hét Jalehtorg) voru vegnir 10.000 manns, fólk á öllum aldri og af báðum kynjum.

En þrátt fyrir allan hinn mikla vígbúnaðarstyrkleika keisarans þá dugði hann honum ekki.



L'Ayatollah Sadegh Khalkali,



...í stuttu máli

Flóttinn frá Víetnam.

Það er kaldhæðnislegt þegar rætt er um flóttamannavanda, þá eru flóttamennirnir taldir vera vandamálið. Þetta ógæfusama fólk sem hefur verið hrakið frá heimalöndum sínum er hins vegar augljóslega ekki vandamálið, heldur þær aðstæður og þau öfl sem hrekja það á flótta.

Undanfarna mánuði hefur mest verið rætt um flóttafólk frá Víetnam.

Fulltrúar Víetnama á ráðstefnu S.Þ. um þetta mál lofuðu að draga úr flóttamannastraumnum á næstunni. Frá því ráðstefnunni lauk hefur dregið verulega úr flóttamannastraumnum, sem sýnir ljóslega að víetnömsk yfirvöld stjórna þessum "flótta". Þetta mætti því ef til vill fremur kalla skipulagða fólksflutninga úr landinu. Flóttafólkið er flest af kínverskum uppruna sem bendir til þess að um kynþáttaofsóknir sé að ræða.

Nýlega bárust þær fréttir að hátt settur embættismaður frá Víetnam, Varaforseti þjóðþingsins, hefði flúið til Kína. Það er því geinilega um að ræða einhverja baráttu í Víetnam gegn stefnu valdhafanna.

PLO í sókn

Framhald af forsíðu

Kreisky hefur að minnsta kosti tvisvar áður hitt Arafat og þeir hafa oft skipst á skilaboðum. Kreisky hefur einnig verið mjög gagnrýninn í garð ísraelskra yfirvalda og í blaðaviðtali í september á síðasta ári lýsti hann Begin sem pólitískum hrossakaupmanni sem stjórnaði lögregluríki. Þeir Kreisky og Brandt voru báðir ötulir baráttumenn gegn nasismanum á sínum tíma og neyddust til að flýja land undan sporhundum Hitlers.

Yfirlýsingar Andrew Young um deilurnar í Mið-Austurlöndum hafa að vonum vakið mikla athygli. Young hefur nú á síðustu vikum hvað eftir annað lýst því yfir að það sé tómt mál að tala um frið í Miðausturlöndum á meðan PLO séu sniðgengir og réttindi Palestínuaraba troðin í svaðið. Afstaða Young er þegar farin að hafa áhrif á ýmis samtök í Bandaríkjunum og víst er að í framtíðinni munu verða hörð átök meðal stjórnmálamanna í Bandaríkjunum um þetta mál. Má jafnvel ætla að afstaða í þessu máli geti haft áhrif á það hver verður kjörinn næsti forseti landsins.

Heimdallur og Tékkóslóvakía

Stjórn Heimdallar, félags ungra íhaldsmanna, hefur látið frá sér fara litla ályktun um aðgerðir Samtaka Herstöðvaandstæðinga 21. ágúst.

Stjórnin segir aðgerðirnar hafa verið "falskar" vegna þess að krafan Ísland úr Nato herinn burt var borinn í göngunni. Stjórnin segir að með þessu sé verið að "telja almenningi trú um að tékknesk alþýða hagnist á að herinn fari héðan og Ísland segi sig úr Nato".

Síðan segir að stjórnin styðji alla fordæmingu á framferði Varsjárbandalagsins í Tékkóslóvakíu.

Í þessari ályktun er gefið í skyn að eina vígorð dagsins hafi verið Ísland úr Nato herinn burt. Litlu íhaldsmennirnir eru með öðrum orðum að reyna að viðhalda rússagrýlunni sem feður þeirra bjuggu til og gera því skóna að SHA hafi engan áhuga á mótmælum gegn innrásinni í Tékkóslóvakíu.

Stefna SHA er sú að öll hernaðarbandalög séu til að undiroka og kúga þjóðir og SHA berjast gegn allri heimsvaldastefnu. Þetta er fullkomlega heiðarleg afstaða.

Sama er ekki hægt að segja um stefnu unga Heimdallar-íhaldsins. Þeirra mótmæli gegn rússneskri kúgun í Tékkóslóvakíu er sprottin af hundflatri tryggð þeirra við bandaríska heimsvaldahagsmuni. Þetta eru mennirnir sem studdu stríð Bandaríkjanna í Víetnam. Þessir menn skoða rússnesku heimsvaldastefnuna einungis sem ögrun við hagsmuni "hins vestræna lýðræðis" eins og þeir kalla bandarísku heimsvaldastefnuna.

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR.5000.-
BARÁTTU ÁSKRIFT : KR.7000.-
TIL ÚTLANDA : KR.13000.-
TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR.500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
28. tbl. 8. árg. 28/8 1979



STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Hjálmtýr Heiðdal
Box 75
121 R

Frá farandverkafólki

Stéttabaráttan biður lesendur sína velvirðingar á því hve seint þessi grein birtist, en það er vegna þess að hún hefur verið í Sumarfríi undanfarið. Hins vegar teljum við hana það mikilvæga að ekki saki þó hún birtist svo seint.

Fréttatilkynning frá farandverkafólki

Farandverkafólk í Vestmannaeyjum boðaði til fundar í Alþýðuhúsinu í Vestmannaeyjum þann 7. júlí s.l. um málefni sín og tengsl við verkalýðshreyfinguna. Til þessa fundar var einnig boðið fulltrúum frá verkalýðsfélögunum í Vestmannaeyjum.

Fundinn sóttu u.þ.b. 40 manns frá öllum helstu vinnustöðum í Eyjum og urðu miklar og fjörugar umræður fundarmanna um málefni sín.

Aðal mál fundarins voru húsnæðismál og aðbúnaður á verbúðum, ferðamál og fæðiskostnaður, auk tengsla farandverkafólks við stéttarfélögin á hverjum stað.

Í umræðum um húsnæðismál og aðbúnað á verbúðum voru fundarmenn sammála um að mikilla úrbóta væri þörf hvað varðar hreinlætisaðstöðu. Einnig kom fram hjá fundarmönnum að eldvörnum var mjög ábótavant í mörgum verbúðum og mætti jafn vel nefna sumar verbúðir dauðagildrur, ef til eldsvoða kæmi.

Fundarmenn voru einhuga um að ferðakostnað til og frá verstöð ætti að greiða af viðkomandi atvinnurekenda og var bent á margar hliðstæður í ýmsum samningum því til sönnunar. Einnig kom fram sú skoðun, að farandverkafólki væri séð fyrir ókeypis ferðum til heimabyggðar sinnar á eins til tveggja mánaða fresti.

Krafa fundarins var að sjálfsögðu frítt fæði fyrir alla, en fram kom á fundinum að fullt fæði í mötuneytum frystihúsanna í Vestmannaeyjum kostaði nú á mánuði kr. 123.600 og stæði til að hækka. En þau útgjöld ein eru 62% af mánaðarlaunum verkafólks í fiskvinnu. Var bent á ýmsar hliðstæður, s.s. kröfu sjómanna um frítt fæði og vinnu við stóriðju- og virkjunarframkvæmdir.

Fundarmenn beindu mörgum spurningum til fulltrúa verkalýðsfélaganna varðandi þessi mál og var það álit fulltrúa stéttarfélaganna, að þessi fundur og kröfur þær, sem hann beindi til verkalýðshreyfingarinnar ættu fullan rétt á sér og löngu væri orðið tímabært að réttindi farandverkafólks væru betur tryggð af hálfu hreyfingarinnar.

Á fundinum var mikið rætt um samskipti farandverkafólks og verkalýðsfélaganna og kom þar margt fróðlegt í ljós. M.a. voru á fundinum reyfaðar hugmyndir um rammasamning ASÍ fyrir farandverkafólk, þar sem því væri gert kleyft að afla sér og viðhalda sömu réttindum og fullgildir meðlimir hinna almennu stéttarfélaga njóta.

Á fundinum var einnig rætt um nauðsyn þess að efla samskipti farandverkafólks og verkalýðsfélaganna og kom fram sú skoðun, að frumforsenda fyrir því að þessi tengsl yrðu sem best, væri að verkalýðsfélögin á hverjum stað fengju í sínar hendur full umráð yfir atvinnumiðlun og ekki væri unnt að ráða fólk í vinnu án samráðs við þá vinnumiðlun.

Bent var á, að oft væru brotnir samningar á aðkomufólki, en auðvelt ætti að vera að koma í veg fyrir slíkt, með því að fólk hefði beint samband við verkalýðsfélögin strax við ráðningu og félagið gæti því haldið sambandi við viðkomandi aðila.

Fundurinn samþykkt eftirfarandi ályktun:

Fundur farandverkafólks í Vestmannaeyjum, haldinn í Alþýðuhúsinu 7. júlí 1979 samþykkir eftirfarandi:

Verkalýðshreyfingunni ber algjör skylda til þess að sjá um að kjör farandverkafólks í fiskiðnaði til sjós og lands séu ekki lakari en kjör annara stétta, eins og nú er raunin. Við teljum að allt of lengi hafi hagsmunamál okkar legið á láginni og atvinnurekendur fengið að ráðskast með þau að eigin geðþótta. Þetta verður ekki lengur þolað og farandverkafólk krefst sömu réttinda og annað verkafólk. En sérstaða farandverkafólks takmarkar mjög allar aðstæður þess til að fylgja málum sínum eftir. Þess vegna treystum við á sjálfsagðan stuðning allrar verkalýðshreyfingarinnar í baráttunni fyrir hagsmunamálum okkar.

Við gerum þá kröfu til ASÍ og VMSÍ að þessi samtök verkafólks taki nú þegar upp eftirfarandi kröfur okkar og fylgi þeim fast eftir:

A. Að húsnæði það, sem ætlað er farandverkafólki til íbúðar standist ströngustu kröfur öryggis- og heilbrigðisyfirvalda.


B. Að kosinn verði trúnaðarmaður á hverri verbúð, sem jafnframt verði tengiliður farandverkafólks við viðkomandi stéttarfélög. Slíkum trúnaðarmanni verði tryggður sami réttur og öðrum trúnaðarmönnum verkalýðsfélaganna.

C. Að atvinnurekendur greiði ferðakostnað farandverkafólks til og frá heimabyggð sinni. Einnig verði gert ráð fyrir því, að farandverkafólki verði tryggðar ferðir t.d. á tveggja mánaða fresti til og frá heimabyggð sinni, sér að kostnaðarlausu.

D. Að farandverkafólki í fiskiðnaði verði séð fyrir fríu fæði líkt og tíðkast í öðrum atvinnugreinum þar sem fólk vinnur fjarri heimabyggð sinni.

Að réttindi farandverkafólks verði tryggð til jafns við rétt fullgildra meðlima í stéttarfélögunum, t.d. hvað varðar rétt til greiðslu úr sjúkra- og styrktarsjóðum, verkfallsbóta, atvinnuleysistrygginga og atkvæðisrétt í kjaradeilum. Þessu má t.d ná með útgáfu sérstakra félagsskírteina, þar sem skráður væri vinnutími og greiðslur ásamt öðru er tryggði viðkomandi umrædd réttindi.

Fundurinn skorar á farandverkafólk um land allt að rísa upp og halda fundi um þessi hagsmunamál sín. Einnig beinir fundurinn því til allra verkalýðsfélaga á landinu að láta þessi mál til sín taka.



Einu opnanlegu gluggarnir í verbúðum Vinnslustöðvarinnar h/f eru með rimlum fyrir.



Frá fundi farandsverkafólks í Vestmannaeyjum. Þorlákur Kristinsson í ræðustól.



Sadat leikur trúð fyrir Bandarískt fé.

Áskrift

Ég undirrit aður / uð óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ______________________

Heimili: ______________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík

Ávarp miðnefndar SHA 21. águst

Forseti Sovétríkjanna
Hr. Leonid Brezhnev
c/o Sendiherra Sovétríkjanna
Garðastræti 33
101. Reykjavík, Ísland.
21. ágúst 1979

Enn á ný sjáum við íslenskir herstöðvaandstæðingar ástæðu til að mótmæla því ófremdarástandi sem nú ríkir í Tékkóslóvakíu. Nú eru liðin rétt ellefu ár frá innrás herja Varsjárbandalagsins í landið, og ávallt síðan hefur sóvéskt setulið stutt þar í sessi leppstjórn með því markmiði helstu að fyrirbyggja að vorið í Prag endurtaki sig. Það var því frelsisunnendum mikið gleðiefni þegar andóf gegn þarlendum stjórnvöldum tók að gera vart við sig. Af sömu ástæðum eru ofsóknir tékkóslóvakískra valdhafa á hendur andófsmönnum nú tilefni til hörðustu mótmæla

Á þessu ári hafa tékknesk stjórnvöld gripið til þess ráðs að varpa tíu félögum Charta77 í fangelsi og bera á þá sakir fyrir að ala á óánægju meðal almennings með hið opinbera stjórnkerfi þar í landi. Þá hefur sérstök nefnd til varnar þeim sem sæta ofsóknum orðið að búa við takmarkað athafnafrelsi. Auk fangelsana þá verða félagar andspyrnuhreyfingar Charta77 fyrir beinum árásum og er jafnvel meinað að vinna fyrir sér. Allar bera aðgerðir þessar merki þess að tékkóslóvakísk stjórnvöld hyggjast ganga milli bols og höfuðs á allri andspyrnu í landinu og fótum troða almenn mannréttindi og lýðræði. Íslenskir herstöðvaandstæðingar lýsa yfir fullum og eindregnum stuðningi við frelsisbaráttu þá sem Tékkar og Slóvakar heyja og krefjast óskertra lýðréttinda þeim til handa. Þá krefjumst við jafnframt að þau réttarhöld sem í hönd fara yfir félögum Charta77 verði háð fyrir opnum tjöldum, og "sakborningum" tryggður réttur til að njóta lagalegrar aðstoðar eins og kveðið er á um í tékkneskum lögum.

Herra forseti Sovétríkjanna. Innrásin í Tékkóslóvakíu, valdaránið í Chile og umsvif Frakka og síðar Bandaríkjanna í Víetnam eru skýr dæmi um hvað getur átt sér stað þegar hagsmunir stórveldа ganga í berhögg við hagsmuni smáþjóða. - Með baráttu okkar gegn bandaríska hernum á Íslandi og aðild að hernaðarbandalagi leggjum við íslenskir herstöðvaandstæðingar fram okkar skerf til frelsisbaráttu smáþjóða og alþýðu um allan heim. Á sama hátt nýtur hreyfing okkar stuðnings frelsishreyfinga um víða veröld Við sækjum styrk hver til annars í baráttunni fyrir sameiginlegum markmiðum. Kröfur andófsmanna í Tékkóslóvakíu eiga því mikinn hljómgrunn á Íslandi

Her Sovétríkjanna burt úr Tékkóslóvakíu.
Ísland úr NATO - herinn burt.
Styðjum frelsisbaráttu Tékka og Slóvaka.
Styðjum Charta 77.

Miðnefnd Samtaka herstöðvaandstæðinga.
Ásmundur Ásmundsson form.